

Verðið afmáð úr samningi Heilsugæslunnar við Hvidovre

Heilsugæslan afhenti *Læknablaðinu* samninginn – án aðalatriðanna

Samningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við danska Amager og Hvidovre-sjúkrahúsið um greiningu leghálssýna var undirritaður af Óskari Reykdalssyni þann 19. febrúar síðastliðinn. *Læknablaðið* hefur samninginn undir höndum.

Verð og nöfn þjónustuaðila Hvidovre eru afmáð úr samningnum þar sem upplýsingarnar „eru taldar varða mikilvæga virka fjárhags- og viðskiptalega hagsmuni Hvidovre.“ Þó má sjá að Heilsugæslan greiðir fyrir hvert sýni.

Sjá má að samningurinn er gerður til ársloka 2023 og má framlengja hann um ár. Honum má segja upp með þriggja mánaða fyrirvara. Samkvæmt honum er búist við að sýnin verði 20-25.000 á ári og ber Heilsugæslan ábyrgð á flutningi sýnanna til Danmerkur.

Auk samningsins óskaði *Læknablaðið*

eftir að fá að vita hvort Heilsugæslan hefði tekið ákvörðun um að færa greiningu sýnanna til Landspítala eða annað? „Ákvörðun um það hvar rannsóknir verði gerðar er í skoðun,“ segir Óskar Reykdalsson við blaðið í tölvupósti.

Samkvæmt fréttum Ríkissjónvarpsins frá 15. apríl er þrefalt dýrara að rannsaka leghálssýni á Landspítala en í Danmörku. Heilbrigðisráðherra hafi því ekki ákveðið hvort greining leghálssýnanna verði færð en reynt verði að stytta bið eftir niðurstöðunum. Hún sé nú 8-10 vikur. Forsvarsmenn Heilsugæslunnar segja í fréttinni að biðin verði mánuður, jafnvel strax í þessum mánuði.

Læknablaðið vísar ákvörðun Heilsugæslunnar að gefa verðið ekki upp til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, eins og Heilsugæslan bendir á sem möguleika.



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir í skoðun hvort leghálsskimanir verði færðar heim frá Danmörku. Mynd/gag



Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, kennslustjóri við læknadeild Háskóla Íslands, segir breytt fyrirkomulag námsins styrkja stöðu nemenda þegar þeir fara í framhaldsnám. Mynd/gag

Ótakmarkað læknaleyfi að loknu 6. ári

Almennt og ótakmarkað lækningaleyfi er nú veitt að loknu 6 ára læknánámi við Háskóla Íslands. Breytingin var staðfest með reglugerð 9. apríl. „Þetta styrkir stöðu íslenskra lækna þegar kemur að því að sækja um framhaldsnám erlendis,“ segir Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, kennslustjóri við læknadeild Háskóla Íslands. Læknanemar fá nú fullt lækningaleyfi að loknu 6. ári í stað þess að útskrifast með takmarkað lækningaleyfi og fá fullt leyfi eftir kandidategð.

„Nú fara útskrifaðir læknar í 12 mánaða sérnámsgrunninn eftir útskrift,“ útskýrir Þórdís Jóna. Enn sem fyrr þreyti útskriftarnemar amerískt læknapróf í lok náms. „Við höfum staðið okkur vel í því og verið á pari við, eða betri en bandaríska nemendur. Það er sá mælikvarði sem sýnir gæði námsins hér á landi,“ segir hún.

„Við munum nú nýta tímann á 6. ári námsins öðruvísi með því að breyta áherslum á val tímabilinu. Við setjum upp hæfniviðmið sem nemendur þurfa að ná. Að auki styrkjum við hermikennslu, til að mynda í bráðaveikindum. Þannig tryggjum við að nemendurnir hafi næga þjálfun í þeim atriðum þegar þau útskrifast með fullt lækningaleyfi.“

Þórdís Jóna segir viðbrögðin við breytingunum jákvæð meðal nemenda. „Þar sem fyrirvarinn á breytingunum er skammur, reynum við að sjálfsögðu að leysa úr málum sem upp koma,“ segir hún.



Hans Tómas Björnsson verðlaunahafi 2021. Mynd/gag

Verðlaunasjóður Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar

Verðlaunasjóður Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar veitir veglegustu vísindaverðlaun hérlendis, 6 milljónir króna. Fyrrir verðlaunahafar skipa fullverðugt landslið lífvísindamanna. Þeir eru Ingileif Jónsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Magnús Karl Magnússon, Magnús Gottfredsson, Hilma Hólm, Sigurður Yngvi Kristinsson, Unnur Anna Valdimarsdóttir, Davíð O. Arnar og Runólfur Pálsson.

*Sjá viðtal: Gunnarsdóttir GA. Ísland getur verið í fararbroddi við að tryggja betri heilsu fólks og erfðafræði mun gjörbylta læknisfræðinni, segir Hans Tómas Björnsson. *Læknablaðið* 2021; 107: 42-4.

Í stjórn sjóðsins sitja Árni Kristinsson, Steinunn Þórðardóttir og Þórður Harðarson formaður.

Verðlaunahafinn í ár er Hans Tómas Björnsson. Hann er yfirlæknir á deild erfða- og sameindalæknisfræði við Landspítala og prófessor í færsluvísindum og barnalæknisfræði við Háskóla Íslands auk kennarastöðu og yfirlæknisstöðu við Johns Hopkins háskólann í Bandaríkjunum.*

Hans Tómas hefur náð framúrskarandi árangri í rannsóknum sínum bæði í Bandaríkjunum og hérlendis. Þær hafa einkum beinst að tengslum erfða og svipgerðar ýmissa sjúkdóma. Meðal þeirra má nefna heilkenni sem við hann er kennt, Pilarowski-Björnsson syndrome og Kabuki-heilkenni. Í doktorsnámi sýndi Hans Tómas fram á í fyrsta sinn að utangena-merki breytast með aldri. Í vísindagrein hans og samstarfsmanna um þetta efni hefur verið vitnað oftar en 700 sinnum í virtum ritum.

Hans Tómas hefur verið leiðbeinandi 9 doktorsnema og setið í 12 doktornefndum. Hann hefur hlotið mjög veglega alþjóðlega vísindastyrki og fjölmörg vísindaverðlaun.



Lífið framlengt í Laugardalshöllinni?

„Af hverju er ég hérna?“ spurði einn þeirra sem sat í röð í Laugardalshöll við það að verða bólusettur þriðjudaginn 20. apríl. „Ertu ekki með undirliggjandi sjúkdóm?“ spurði heilbrigðisstarfsmaðurinn á móti. „Nei, en ég á afmæli,“ svaraði hann

kátur. Starfsmaðurinn sagði þá að boð hefðu verið sent út til að klára bóluefnið.

Þennan dag var það Pfizer fyrir fólk með undirliggjandi sjúkdóma. Byrjað var á alvarlegustu sjúkdómunum. Þeir sem bólusettir voru þennan dag bættust við

hóp þeirra 70.482 einstaklinga sem hafa fengið í það minnsta fyrri bólusetningar-skammtinn sinn. Hátt í 29.700 höfðu þann 19. apríl verið fullbólusettir samkvæmt COVID.is, upplýsingasíðu Embættis landlæknis. Mynd/gag

Dótturfélag Heilsuverndar tekur við öldrunarþjónustunni á Akureyri

„Það er einróma álit að við tökum við góðu búi þótt rekstur Öldrunarheimila Akureyrar hafi verið áskorun,“ segir Teitur Guðmundsson, læknir og framkvæmdastjóri Heilsuverndar

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Heilsuvernd hjúkrunarheimili, sem er dótturfélag Heilsuverndar, sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækis, hefur samið við Akureyrarbæ og Sjúkratryggingar Íslands um að taka við öldrunarheimilum bæjarins frá maíbyrjun. Með samningnum bætast 320 starfsmenn í hópinn. Íbúar eru 173 í hjúkrunarrýmum, 8 í dvalarrýmum auk 35 dagdvalarrýma.

„Öldrunarheimilin eru einn stærsti vinnustaðurinn á Akureyri. Ábyrgðin er því heilmikil. Tækifærið er gríðarlega spennandi og ekkert launungarmál að við horfum til enn frekari rekstrar á heilbrigðissviði,“ segir Teitur.

„Með þessum samningi sjáum við að okkur er treyst, og trúum að svo verði áfram, fyrir hinum ýmsu verkefnum. Við þökkum fyrir það,“ segir Teitur sem var á Akureyri þegar *Læknablaðið* náði tali af honum.

Samningurinn byggir á þeim ramma-samningi ríkisins um öldrunarheimilin sem styr hefur staðið um síðustu misseri. Fjögur sveitarfélög, Akureyrarbær fyrst, sögðu honum upp í vetur. Rekstrarstaða þjónustunnar hefur verið erfið og einkarekin öldrunarþjónustufyrirtæki hafa sagt starfsfólki upp vegna fjárskorts.

„Við þurfum að skoða stöðuna í ró-



Teitur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Heilsuverndar, segir félagið ekki skorast undan ábyrgð á rekstri öldrunarþjónustu sem sveitarfélögin treysta sér ekki til að gera. Mynd/gag

legheitum og trúum að hún vænkist á næstunni,“ segir Teitur. Félagið þekki vel til, það komi nú þegar að lækniþjónustu fyrir 750 rými. „Við sjáum tækifæri til áframhaldandi þróunar í þjónustunni og væntum mikils af framtíðinni, meðal annars í kjölfar svokallaðrar Gylfaskýrslu“ segir Teitur deginum áður en skýrslan um rekstrarvanda hjúkrunarheimila var birt.

„Við erum bjartsýn. Þetta verður áskorun. Við ætlum ekki að skorast undan henni heldur standa okkur með þryði.“